

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2016, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Sigurbjörgu Stellu Guðmundsdóttur og Hörpu Theodórsdóttur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og Steinlaugu Högnadóttur og Finn Þór Birgisson frá utanríkisráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/2016, frá 5. febrúar 2016, um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/95/ESB frá 22. október 2014 um breytingu á tilskipun 2013/34/ESB að því er varðar birtingu tiltekinna stórra fyrirtækja og samstæðna á ófjárhagslegum upplýsingum og upplýsingum um fjölbreytileika.

Sex mánaða frestur samkvæmt EES-samningnum til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 6. ágúst 2017. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Markmiðið tilskipunar 2014/95/ESB er að ná fram sambærilegu stigi á gagnsæi félagslegra og umhverfislegra upplýsinga hjá fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum innan Evrópusambandsins. Tilskipunin nær til félaga sem falla undir tilskipun 2013/34/ESB um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil o.fl. Samkvæmt tilskipuninni skal skýrsla stjórnar þessara félaga innihalda upplýsingar að því marki sem nauðsynlegar eru til skýringa á þróun, árangri, stöðu félagsins varðandi umhverfis-, félags- og starfsmannamál, virðingu fyrir mannréttindum og varnir gegn mútum.

Tilskipunin var innleidd með lögum nr. 73/2016, um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum.

Þrátt fyrir að framsetning tillögunnar teljist að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála gerir nefndin ákveðnar athugasemdir við meðferð málsins. Nefndin áréttar að reglur um þinglega meðferð EES-mála eiga lagastoð í lögum nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og er þeim m.a. ætlað að tryggja að frágangur lagafrumvarpa sem innleiða reglur sem byggjast á ESB-gerðum sé með tilteknum og samræmdum hætti.

Nefndin gerir athugasemd við að tilskipunin hafi verið innleidd áður en stjórnskipulegum fyrirvara hafi verið aflétt. Sú málsmeðferð er ekki í samræmi við 5. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála þar sem fram kemur að „hlutaðeigandi ráðuneyti undirbúa samhliða eða í framhaldi af framlagningu þingsályktunartillögu nauðsynleg frumvörp til lagabreytinga og leggja tímanlega fyrir þingið“.

Þá vekur nefndin athygli á að innleiðing tilskipunarinnar gengur lengra en lágmarksákvæði tilskipunarinnar kveður á um. Í greinargerð sem fylgdi frumvarpi til laga nr. 73/2016 var slíkt aftur á móti hvergi tiltekið. Nefndin vísar í því samhengi til c-liðar 5. gr. reglna um

Þinglega meðferð EES-mála þar sem fram kemur að í athugasemdum við lagafrumvarp til innleiðingar skuli fram koma með skýrum og samræmdum hætti „að hvaða marki frumvarpið hafi að geyma frávik frá upphaflegu ESB-gerðinni, þ.e. hvort og þá að hve miklu leyti gengið er lengra en viðkomandi gerð gefur tilefni til“.

Í greinargerð sem fylgdi þingsályktunartillögunni er tiltekið að innleiðing tilskipunarinnar kalli á breytingu á lögum nr. 3/2006. Nefndin telur að sú lagabreyting hafi þegar verið gerð með lögum nr. 73/2016.

Nefndin gerir að öðru leyti ekki athugasemdir.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson og Teitur Björn Einarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Bryndís Haraldsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins en ritar undir álit þetta samkvæmt heimild í 4. mgr. 18. gr. starfsreglna fyrir fastanefndir Alþingis.

Alþingi, 2. maí 2017.

Jóna Sólveig Elínardóttir,
form.

Vilhjálmur Bjarnason,
frsm.

Ásta Guðrún Helgadóttir.

Birgir Ármannsson.

Rósa Björk Brynjólfsdóttir.

Steinunn Þóra Árnadóttir.